


Þæfð flaska

Höfundur: Bryndís Borgedóttir

ÚR KÖRFU TEXTÍLKENningarANS Verkefni í textílmennt fyrir 4. bekk og upp úr



Þú veist að lopapeysan þín er hlý.
En vissir þú að ullin einangrar líka,
þannig að klaki bráðnar hægar
sé ull vafin utan um hann?



Aðferð:

Þæfing

Áhöld og fleira:

- ✓ Hrein, tóm gosflaska með tappa
- ✓ Tvinni
- ✓ Skæri
- ✓ Vaskafat
- ✓ Heitt vatn og sápa


Efni:

- ✓ Ullarkemba u.þ.b. 40–50 gr. (má nota marga liti)



Vinnulýsing fyrir nemendur

- 1 Leggðu fyrst búi af ullarkembu undir botninn og upp hliðar á flöskunni.
- 2 Vefðu tvinna utan um ullina til að halda henni á sínum stað.
- 3 Leggðu ullarkembu (í einum eða fleiri litum) utan um flöskuna upp að tappanum.
- 4 Vefðu síðan alltaf tvinna utan um nýja ull sem þú setur og líka undir botninn.



Strjúktu ullina varlega til að byrja með.



- 5 Settu eins heitt vatn í vaskafatið og þú þolir og 2 tappa af sápu.
- 6 Haltu flöskunni ofan í vatninu þar til engar loftbólur koma lengur, taktu hana þá upp úr.

- 7 Fáðu þér svolitla sápu á hendurnar.

Ekki gleyma botninum.

- 8 Strjúktu ullina upp og niður, allan hringinn og ekki gleyma botninum.

- 9 Þegar ullin er orðin fullþæfð, skolarðu flöskuna undir rennandi vatni, bæði köldu og volgu.



- 10 Skoðaðu nú vel flöskuna þína og ákveddu hvort þú vilt hafa tvinnann sem þú vafðir utanum hana áfram á, sem skreytingu.

- 11 Snyrtu ullina kringum tappann með skærum og klipptu burt tvinnann ef þú vilt.

- 12 Þegar ullin er þurr skaltu setja 2–3 dl. af köldu vatni í flöskuna og setja hana í frystihólfíð yfir nótt.

Daginn eftir fyllir þú hana af vel köldu vatni.
Ullin mun síðan halda vatninu þínu lengur köldu.

